

✉ Re: Beiðni um umsögn vegna verndarsvæðisins Mývatns og Laxá

Búið til	16.2.2021 14:18:02
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	16.2.2021 14:18:01
Tilheyrir	📁 202102-0017 - Beiðni um umsögn vegna verndarsvæðisins Mývatns og Laxá

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna verndarsvæðisins Mývatns og Laxá

Upplýsingar

Sent	16.2.2021 14:18:01	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202102-0017 LA

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Um er að ræða viðbyggingu, um 35 fm að grunnfleti, við íbúðarhúsið Bergholt við Voga, Mývatnssveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Eins og kemur fram hér að ofan er um að ræða viðbyggingu við íbúðarhús sem er hluti af stærra svæði með ýmsum byggingum. Náttúrufræðistofnun telur að viðbyggingin komi ekki til með að hafa áhrif á náttúruminjar eða landslag Mývatns og Laxár og gerir því ekki athugasemd við erindið.

Bestu kveðjur,
Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Þórdís Vilhelmina Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Beiðni um umsögn vegna verndarsvæðisins Mývatns og Laxá
Date: 10.2.2021 15:48:56

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Jóni Inga Hinrikssyni dags. 3. febrúar 2021 um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 19. febrúar 2021.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)